

Skýrsla stjórnar Fornleifafræðingafélags Íslands 2011

Áskorun kom fram á seinasta aðalfundi að uppfæra félagatalið. Ég get nú greint frá því að varlega ályktað telur félagið nú 48 félagsmenn, séu taldar með þær umsóknir sem senn verða bornar undir aðalfund. Sérstakt gleðiefni er hve hópur aðalfélaga fer ört stækkandi en aðalfélagar eru nú 19 talsins eða rúmlega þriðjungur allra félaga í FFÍ. Vonir standa til þess að á næstu árum fjölgi enn frekar í þessum hóp.

Annars má segja að starfið hafið verið nokkuð hefðbundið. Þó reyndist ekki unnt að halda fardagablót á hinum hefðbundna tíma í kringum seinasta dag vetrar og frestaðist það til haustsins. Haustmánaðarblót var haldið föstudaginn 30. september en byrjað var gleðina með fordrykk á Fornleifafræðistofunni en síðan var haldið á veitingahúsið Uno í Hafnarstræti.

Venju samkvæmt voru haldnir spjallfundir á vegum félagsins. Þann 7. apríl var haldinn spjallfundur á Fornleifafræðistofunni þar sem ræddar voru þýðingar á nokkrum hugtökum sem eiga að birtast í fjórða hefti Ólafú. Nú í haust var svo haldið kvöldspjall á veitingahúsinu Babalú þar sem rætt var staða friðlýstra fornleifa á Íslandi. Ákveðið var á fundinum að rita opið bréf til Fornleifaverndar ríkisins og óska eftir almennum fundi þar sem hægt væri að kynna stefnu embættisins og stöðu friðlýstra fornleifa. Kvöldspjallið var einnig hugsað til að fylgja eftir fyrirlestri dr. Cornelius Holtorf við háskólann í Kalmar í Svíþjóð sem staddur var á landinu í haust og hélt fyrirlestur fyrir íslenska fornleifafræðinga um minjavörslu í kjallara fornleifaverndarinnar þ. 2. nóvember sl. Ég get nú upplýst að í svarbréfi dr. Kristínar Huldar Sigurðardóttur kemur fram að fundur um friðlýsingar verði haldinn á fyrstu mánuðum ársins 2012.

2. maí var haldinn opinn félagsfundur þar sem ný lög um menningarminjar, lög um þjóðminjasafnið og ný safnalög voru rædd. Stjórn félagsins og formaður sáu um að koma athugasemdum fundarins áfram til menntamálanefndar alþingis sem nú heitir allsherjar- og menntamálanefnd. Eftir aðra umræðu laga um menningarminjar í vor var formaður kallaður á fund nefndarinnar þar sem sjónarmið félagsins voru ítrekuð, að mér fannst, við góðar undirtektir nefndarmanna. Það kom þó berlega í ljós að flestir þeir aðilar sem höfðu

fengið lögin til umsagnar sáu á þeim stóra galla. Það var því mikill og óvæntur harmur að fyrir liggur að leggja eigi lögina aftur fram á vörþingi næsta óbreytt og tel ég að þessu verði félagið að berjast gegn en fyrir aðalfund verður lögð fram ályktun á eftir sem getur mögulega orðið drög að fréttatilkynningu. Þá hefur formaður félags íslenskra fornleifafræðinga haft samband við mig og leitast eftir því að félögin tvö vinni einnig að sameiginlegri ályktun og mögulegri fréttatilkynningu varðandi málið og vona ég að ný stjórn muni finna því máli farveg.

Félagið hélt í samstarfi við félag íslenskra fornleifafræðinga á vormánuðum fyrirlestrarröðina: dreggjá dagsins: fornleifafræði hins nýliðna. Ákveðið hefur verið að halda áfram og munu félögin tvö sameinast um að halda aðra fyrirlestraröð nú í vor sem fjalla mun um býli, selstöður, útstöðvar og mörkin þar á milli en fyrirlestrarröðin hefur ekki enn fengið formlegan titil. Þá vil ég einnig nefna að fyrir stuttu hafði Elín Ósk Hreiðarsdóttir formaður FÍF samband við mig tilkynnti mér að á aðalfundi hjá þeim hafi komið fram einlæg ósk um að setja í gagn formlegar viðræðum um sameiningu félagana tveggja. Legg ég til að þetta verði tekið upp hér á eftir undir liðnum önnur mál.

Helsta eftirsjáin varðandi starf félagsins þetta árið er að okkur skuli ekki hafa tekist það markmið okkar að koma út fjórða heftinu á Ólafíu út. Góðu fréttirnar eru þó þær að heftið er tilbúið til prentunar og mun að öllum líkindum koma út á fyrstu vikum ársins 2012 sem og að nú liggur fyrir að fjármögnun á heftinu til frambúðar er að komast í öruggt skjól. Mig langar að nota tækifærið núna og þakka Steinunni Kristjánsdóttur ritstjóra Ólafíu sérstaklega fyrir það óeigingjarna starf sem hún hefur unnið fyrir félagið í þessu máli.

Ekki hefur verið endanlega gengið frá stofnun styrktarsjóðsins en eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá lögmanni Ólafíu á Íslandi, Skúla Pálssyni, mun stofnféð nema 1.000.000 d.kr. sem lagt verður inn á reikning í Landsbankanum. Skipuð verður stjórn fyrir styrktarsjóðinn og mun Ólafía sjálf veita honum forystu en auk þess hefur Ólafía tilnefnt Steinunni Kristjánsdóttur dósent í fornleifafræði við HÍ og Svenbjörn Rafnsson prófessor í sagnfræði við HÍ til að sitja í stjórn sjóðsins. Árlega mun stjórn sjóðsins veita til útgáfu á Ólafíu fjárhæð sem nemur vöxtum af stofnfénu. Hvað varðar efnistöku heftisins og val á ritstjóra verður það eftir sem áður í höndum félagsins og aðalfundar.

Ég vil þó nefna að á seinasta aðalfundi var ákveðið að fyrsta hefti sem kæmi út styrkt af sjóðinum yrði um tímatalesfræði og að Steinunn Kristjánsdóttir myndi ritstýra því hefti. Steinunn hefur hins vegar beðist lausnar undan þessu verkefni sökum anna og munum við því velja annan ritstjóra að því hefti hér á eftir.

Ein ástæða þess að við höfum beðið með að gefa út fjórða heftið að Ólafíu er jafnframt sú að Ólafía hefur auk styrkarsjóðsins veitt félaginu sérstakan styrk sem nemur 220.000 kr. til að endurhanna kápuna á heftinu. Leitað var til Ólafs Haraldssonar og Helga Vilbergs Helgasonar hjá auglýsingastofunni ennemum sem hafa kynnt drög að nýrra kápu fyrir stjórnarmönnum sem við kynnum stuttlega hér á eftir.

Einnig vil ég nefna að lögð hafa verið drög að því að bjóða erlendum fræðimanni í heimsókn á næsta ári. Sótt hefur verið um styrk til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og vil ég fara þess á leit við fundinn um að við ræðum og ákveðnum hverja væri hægt að fá hingað til lands í boði félagsins, fáist til þess styrkur.

Ég vil að seinustu þakka Albínu ritara, Björk gjaldkera, Bjarna varaformanni, Völu og Ármanni varamönnum fyrir samstarfið á árinu 2011 sem var einstaklega gott í alla staði. Að seinustu langar mig að taka fram að það hefur verið mikill heiður fyrir mig að leiða þetta félag sem formaður undanfarin tvö ár og vil ég óska nýjum formanni, hver svo sem hann verður, og nýrri stjórn velfarnaðar í starfi.

Sindri Ellertsson Csillag

Formaður Fornleifafræðingafélags Íslands